



## Fundur háskólaráðs 15. desember 2005

### Fundargerð

Málsnúmer: HI05010007  
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,  
dagskrár og framlögð gögn  
Eigandi skjals: Margrét Ludwig  
Staða: Í vinnslu

### Dagsetningar:

Búið til: 09.12.2005  
Dags: 15.12.2005

### Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Aðalbygging (600169-2039)  
101 REYKJAVÍK  
Sími: 525 4000; 525 4300  
Fax: 552 1331

16/2005

## HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2005, fimmtudaginn 15. desember var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13.00.

Fundinn sátu: Kristín Ingólfssdóttir, Anna Pála Sverrisdóttir, Davíð Gunnarsson (varamaður Bryndísa Harðardóttur), Eiríkur Tómasson, Inga Jóna Þórðardóttir, Jóhannes R. Sveinsson, Jón Ó. Skarphéðinsson, Matthías Páll Imsland, Rögnvaldur Ólafsson og Vilhjálmur Árnason. Fundargerð ritaði Magnús Diðrik Baldursson.

### 1. Erindi til háskólaráðs

- 1.1 **Tillaga akademískrar stjórnarsýslu að reglum um erlenda lektora og sérfræðinga við Háskóla Íslands, sbr. fund ráðsins 30. nóvember sl. Umsögn samráðsnefndar um kjaramál lá fyrir fundinum.**  
- Frestað til næsta fundar.

- 1.2 **Tillaga að breytingu á samþykktum Vísindagarða Háskóla Íslands.**  
Inn á fundinn kom Þorvarður Elíasson, starfsmaður stjórnar Vísindagarða Háskóla Íslands, og gerði, ásamt rektor, grein fyrir málinu. Málið var rætt og svöruðu rektor og Þorvarður framkomnum spurningum og athugasemdum.  
- Frestað til næsta fundar.

### 2. Mál á dagskrá

#### 2.1 Fjárhagsstaða Háskólans, yfirlit eftir ellefu mánuði.

Inn á fundinn kom Ingjaldur Hannibalsson, formaður fjármálanefndar, og gerði grein fyrir framlögðu yfirliti um fjárhagsstöðu Háskóla Íslands eftir fyrstu ellefu mánuði ársins. Málið var rætt.

#### 2.2 Skipting fjárveitinga og fjárhagsáætlun Háskólans fyrir árið 2006.

Ingjaldur Hannibalsson gerði grein fyrir framlögðum tillögum fjármálanefndar háskólaráðs um skiptingu fjárveitinga Háskóla Íslands fyrir árið 2006. Málið var rætt rækilega og svaraði Ingjaldur framkomnum spurningum og athugasemdum. Að umræðu lokinni bar rektor tillögur fjármálanefndar undir atkvæði.

1. Launabótum fyrir árið 2005 verði skipt skv. framlögðu yfirliti fjármálanefndar.  
- Samþykkt einróma.
2. Forsendur fjárlagafrumvarps ársins 2006 verði notaðar

í deililíkani, en skv. þeim hækka rekstrargjöld um 3,8% og laun um 19,5%.

- Samþykkt einróma.

3. Fjárveiting skiptist þannig að 1.462,7 m.kr. fari til rannsókna og 3.245,4 m.kr. til kennslu.  
- Samþykkt einróma.
4. Almenn hækkun fjárveitingar 2006 frá fjárveitingu 2005 verði 6%. Jafnframt verði fjárveiting sem deilt verður út til deilda með deililíkani hækkuð um 33 m.kr.  
- Samþykkt samhljóða.
5. Fjárveiting vegna rannsókna í deildum hækki úr 805 m.kr. í 872 m.kr.  
- Samþykkt einróma.
6. Vegna breytingar á þreyttum einingum breytist einn svokallaður c-kassi í véla- og iðnaðarverkfræði í a-kassa, félagsfræði fái nýjan b-kassa, sálfræði fái nýjan a-kassa, tveir kassar í uppeldisfræði breytist í a-kassa og kennslufræði fái nýjan b-kassa.  
- Samþykkt einróma.
7. Lagadeild fái 21,3 m.kr. til þess að fjárveiting samkvæmt deililíkani verði í samræmi við reiknilíkan.  
- Samþykkt með 7 atkvæðum, en tveir sátu hjá og einn var á móti.
8. Hugvísindadeild fái nýjan b-kassa í japönsku.  
- Samþykkt einróma.
9. Fjárveiting til jafnréttisnefndar verði sú sama og til fjármálanefndar, kennslumálanefndar og vísindanefndar.  
- Samþykkt einróma.
10. Fjárveiting til markaðs- og samskiptadeildar hækki í 30 m.kr.  
- Samþykkt einróma.
11. Fjárveiting til rekstrar og framkvæmda hækki um 7,5 m.kr vegna aukins kostnaðar vegna þjónustu SKÝRR við fjárhagsupplýsingakerfið Oracle.  
- Samþykkt einróma.
12. Málefni akademískrar stjórnáslu: Fjölgað verði um eitt ársverk, sem skiptist á starfsmannasvið og rannsóknasvið. Fjárveiting til aðstoðar við fatlaða hækki um 1,5 m.kr. Kennslusviði verði heimilað að innheimta þjónustugjöld fyrir ýmsa þjónustu, s.s. löng próf, próf utan próftímabíla og skönnun prófa. Starfshlutfall jafnréttisfulltrúa hækki úr 75% í 100%.  
- Samþykkt einróma.
13. Fjárveiting til rannsóknasjóðs verði 125 m.kr.  
- Samþykkt einróma.
14. Til vinnumats vegna nýdoptora verði varið 5,5 m.kr. Fénu verði úthlutað á grundvelli sömu reglna og gilda um Vinnumatssjóð Félags háskólakennara.  
- Samþykkt einróma.
15. Fjárveiting til Sáttmálasjóðs verði 50 m.kr.  
- Samþykkt einróma.
16. Fjárveiting til þróunarverkefna verði 30 m.kr. Kostnaður við stefnumótun Háskólans veturinn 2005-2006 verði greiddur af þessum lið.  
- Samþykkt einróma.
17. Fjárveiting til rektorsskrifstofu hækki um 5 m.kr. vegna launa aðstoðarmanns.  
- Samþykkt einróma.
18. Fjárveiting vegna vinnumats samkvæmt kjarasamningi verði 145 m.kr.

- Samþykkt einróma.
- 19. Fjárveiting vegna stjórnunarauka samkvæmt kjarasamningi verði 30 m.kr.
  - Samþykkt einróma.
- 20. Fjárveiting vegna hugbúnaðargerðar á kennsluviði verði 20 m.kr.
  - Samþykkt einróma.
- 21. Fjárveiting til Rannsóknþjónustu H.Í. hækki um 5 m.kr. á árinu 2006 vegna tímabundins verkefnis við sjóðasókn og hagnýtingu rannsóknaniðurstaðna.
  - Samþykkt einróma.
- 22. Fjárveiting til Rannsóknastofu um mannlegt atferli verði 6,5 m.kr.
  - Samþykkt einróma.
- 23. Rektor verði falið að vinna að því að einstakir starfsmenn sem nú starfa utan deilda eða stærri stofnana starfi innan þeirra.
  - Samþykkt einróma.
- 24. Dregnar verði 10 m.kr. frá rannsóknafjárveitingu raunvísindadeildar vegna hagræðis sem deildin nýtur af fjárveitingu Raunvísindastofnunar.
  - Samþykkt með 9 atkvæðum, en einn var á móti.
- 25. Hugvísindadeild fái 7 m.kr. framlag vegna launa fyrrverandi rektors.
  - Samþykkt einróma.
- 26. Lagt til að fjárveiting til Alþjóðamálastofnunar og Rannsóknaseturs um smáríki hækki úr 1 m.kr. um 6% eða sem nemur almennri hækkun á milli ára.
  - Samþykkt einróma.
- 27. Kostnaður vegna landsaðgangs að rafrænum gagnasöfnum í Landsbókasafni-háskólabókasafni, 15 m.kr., verði greiddur af óskiptu fé, en deildir taki ákvarðanir um frekari kaup á bókum, tímaritum og gagnabönkum.
  - Samþykkt einróma.
- 28. Raunvísindadeild fái 2,5 m.kr. til að fjármagna hluta af launum kennara og umsjón með þverfaglegu námi í auðlindafræði og umhverfisfræði.
  - Samþykkt einróma. Ekki hefur verið tekið tillit til þessarar fjárveitingar í framlögðu yfirliti frá fjármálanefnd um skiptingu fjárveitinga fyrir árið 2006.
- 29. Samið verði við Jarðvísindastofnun um að hún minnki við sig húsnæði í Öskju og kostnaðarhlutdeild hennar vegna húsnæðis verði felld niður.
  - Samþykkt einróma.
- 30. Fjöldi þreyttra eininga í samkeppnisprófum í tannlæknadeild á háskólaárinu 2004-2005 var 351. Lagt er til að 100 þreyttar einingar vegna samkeppnisprófa verði dregnar frá heildarfjölda þreyttra eininga í tannlæknadeild.
  - Samþykkt einróma.
- 31. Rekstrareiningar sem ekki hafa skilað rekstraráætlun án halla geri það fyrir 6. janúar 2006 og mun fjármálanefnd taka nýjar áætlanir til skoðunar
  - 9. janúar.
  - Samþykkt einróma.

### 2.3 Tillögur deilda um fjöldatakmörkun háskólaárið 2006-2007, sbr. síðasta fund.

Rektor gerði grein fyrir málinu og var það rætt ítarlega.

- Framlagðar tillögur um fjöldatakmörkun háskólaárið 2006-2007 samþykktar einróma, en hafnað tillögum um fjölgun stúdenta í sjúkraþjálfun, hjúkrunarfræði, kennslufræði til kennsluréttinda og í meistaranámi í námsráðgjöf. Háskólaráð fagnar því að skapast hafi faglegar forsendur fyrir fjölgun nemenda í þessum greinum, en tekur fram að fjárhagslegar forsendur fyrir fjölguninni skorti af hálfu fjárveitingarvaldsins. Því getur ráðið ekki orðið við beiðninni að svo stöddu.

**2.4 Fjárhagsstaða við ríkissjóð og uppgjör á kennslu fyrir fjárlagaárið 2005, drög bréfs til menntamálaráðherra, sbr. fund ráðsins 10. nóvember sl.**

Rektor gerði grein fyrir málinu og drögum að bréfi til menntamálaráðherra.

- Samþykkt einróma að fela rektor að ganga frá málinu.

**2.5 Erindi stúdents frá Kaupmannahafnarháskóla, sbr. síðasta fund.**

Eiríkur Tómasson gerði grein fyrir tillögu starfshóps háskólaráðs um afgreiðslu málsins. Gerir tillagan m.a. ráð fyrir því að staðfesta ákvörðun læknadeildar um að stúdentinum verði synjað um inntöku á annað ár læknánáms. Jafnframt er þeim tilmælum beint til læknadeildar að stúdentinum verði leyft að stunda læknánám við deildina sem gestanemandi á vor- og haustmíssi 2006 og vormíssi 2007, jafnframt því sem honum verði leyft að þreyta inntökupróf í námið árið 2006 og/eða árið 2007. Samþykkt háskólaráðs er fylgiskjal með fundargerð þessari.

- Samþykkt samhljóða.

**3. Mál til fróðleiks**

**3.1 Listi yfir stöðu framgangs- og nýráðningarmála, desember 2005.**

**3.2 Námskeið í mannfæðifræði fyrir nemendur í rannsóknatengdu framhaldsnámi í samstarfi H.Í. og Íslenskrar erfðagreiningar.**

Rektor gerði grein fyrir boði Íslenskrar erfðagreiningar um að halda námskeið í mannfæðifræði á vormíssi fyrir nemendur í framhaldsnámi við HÍ. Málið hafi verið kynnt á fundi með deildarforsetum og hefðu þeir lýst ánægju sinni með framtakið. Námskeiðið verði kynnt nemendum og rannsóknánámsnefndum deilda.

**3.3 Drög að samningi um nemendaskipti við Háskólann í Reykjavík.**

Rektor kynnti drögin sem gera ráð fyrir að nemendum í grunnnámi við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík gefist kostur á að taka eitt námskeið á námsferlinum við hinn háskólann (HR eða HÍ) sér að kostnaðarlausu.

**3.4 Frá Rannsóknastöðinni í Sandgerði: Botndýr á Íslandsmiðum – BIOICE verkefnið 2005.**

**4. Önnur mál**

**4.1 Tillaga um endurskoðun á deililíkani.**

Eiríkur Tómasson gerði grein fyrir málinu og var það rætt.

- Frestað.

**4.2 Prófessorsstarf í barnageðlækningum, sbr. fundi háskólaráðs 6. október og 10. nóvember sl.**

Inga Jóna Þórðardóttir vék að fyrirspurn sinni um prófessorsstarf í

barnageðlækningum, sbr. fund háskólaráðs 6. október sl., og svari læknadeildar, sbr. fund ráðsins 10. nóvember sl. Óskaði Inga Jóna eftir því að forseti læknadeildar komi inn á fund háskólaráðs eftir áramót til að ræða málið.

Fleira var ekki gert.  
Fundu slitið kl. 16.35.